

ER ÖRYGGI BARNNA TRYGGT Á HEIMILINU?

Með því að fara í gegnum þennan gátlista getur þú gengið úr skugga um að öryggi barna undir 6 ára aldri sé tryggt á heimilinu. Gátlistinn virkar á þann hátt að ef svarið við spurningunni er já er atriðið í lagi en ef svarið er nei þarf að lagfæra eða bæta úr viðkomandi atriði.

Ekki er síður nauðsynlegt að skoða heimili afa og ömmu útfrá gátlistanum.

ELDHÚSIÐ

Eru hnífar, skæri og önnur hættuleg áhöld í hirslu með öryggislæsingu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er eldavélin fest við vegg?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er hurðin á bakaraofninum með kælingu þannig að hún hitni ekki að utan?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru takkar á eldavél varðir þannig að barn komist ekki í þá?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er öryggislæsing á hurð bakaraofnsins?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er hlíf fyrir eldavéllaborði/hellu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru heimilistæki staðsett þannig að barn kemst ekki að þeim?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru snúrur varðar þannig að barn geti ekki togað yfir sig tæki?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru þvottaefni fyrir uppvottavél og önnur hreinsiefni í læstri hirslu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru lyf og vítamíntöflur í læstri hirslu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru plastpokar og plastfilmur þar sem börn ná ekki til?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er matarstóll barnsins með beisli og festingu við borðið?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

BAÐHERBERGI

Eru rakvélur, skæri og önnur hættuleg áhöld í hirslu með öryggislæsingu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru snyrtivörur og hreinsiefni í hirslu með öryggislæsingu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er hálkumotta/strimlar í baðkari/sturtubotni?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru hitastýrð blöndunartæki á sturtu, baði og handlaug?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er hárpurrkan og önnur rafmagnstæki þar sem börn ná ekki til?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er skiptiborðið stöðugt, með öryggisól og 10 sm háum hliðum?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er stöðugur skemill fyrir barnið við vaskinn?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

BARNAHERBERGI

Eru skápar, hillur og kómmóður festar við vegg?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru loftljós úr óbrjótanlegu efni?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er lampinn við rúm barnsins festur á vegg?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er mottan á gólfinu stöðug?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Hæfa leikföngin aldri barnsins?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er hlaðrúmið (kojan) með fallvörn?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er bil á milli þrepa á hlaðrúmi á bilinu minna en 9 sm eða meira en 23 sm?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

STIGAR

Eru öryggishlið fyrir stigaopum bæði uppi og niðri?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru bil á milli rimla minni en 9 sm?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er bil á milli handriðs og gólfs minna en 9 sm?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Eru þrep stöm?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Ef op eru á milli þrepa, eru þau minni en 9 sm?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er handriðið hannað þannig að barn getur ekki klífrað í því?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei